

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Hótel í Hafnarvík – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 25. september 2025 nýtt deiliskipulag fyrir hótél með heilsulind og veitingahús. Svæðið sem um ræðir er óbyggt svæði innan þéttbýlismarka Þorlákshafnar, u.þ.b. 2,5 km austan við miðbæinn.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Spóavegur 13 – óveruleg breyting deiliskipulags.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 13. október 2025 óverulega deiliskipulagsbreytingu fyrir Spóaveg 13 úr landi Kjarrs. Breytingin felst í því að stofnuð er tæplega 1 ha lóð sem nefnist Spóavegur 13.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Auðsholt – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. ágúst 2025 nýtt deiliskipulag fyrir jörðina Auðsholt. Með deiliskipulaginu er stofnuð 10 ha lóð um nýtt lögbýli fyrir eiganda jarðarinnar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sögusteinn – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 17. júlí 2025 nýtt deiliskipulag fyrir Sögusteinn á Grímslækjarheiði og er stærð skipulagssvæðis um 4,5 ha. Með breytingunni eru byggingarskilmálar uppfærðir í samræmi við endurskoðað aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus. Lóðir breytast ekki en nýir byggingarreitir eru afmarkaðir innan Hlíðaráss og Sögusteins 1 og skilmálar uppfærðir.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Bær – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 8. maí 2025 deiliskipulagsbreytingu fyrir landið Bæ í Ölfusi. Breytingin felur í sér að gerð er lagfæring á hnitum lóðar í samræmi við merkjalýsingu sem staðfest var 2024. Breytingin felur einnig í sér að byggingarreitur er stækkaður til suðurs og skilmálar eru uppfærðir í samræmi við nýtt aðalskipulag.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Virkjunarsvæði í Hverahlíð – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. ágúst 2025, deiliskipulagsbreytingu vegna virkjunarsvæðisins í Hverahlíð. Breytingin er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss vegna jarðhitasvæða í Hverahlíð og Meitlum. Orkuveitan gerir ráð fyrir þeim orkukostum sem hafa verið skilgreindir í nýtingarflokki til að viðhalda virkjunum Orku náttúrunnar og eru þeir mikilvægir fyrir hitaveitu og rafmagnsframleiðslu. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er við iðnaðarsvæðin I19 (Hverahlíðarvirkjun) og I20 (Gráuhnúkar).

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 18. nóvember 2025.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
sviðsstjóri skipulags- og lögfræðisviðs.

B deild - Útgáfudagur: 20. nóvember 2025